

SJÁVARÚTVEGURINN

VEFRIT UM SJÁVARÚTVEGSMÁL

Útgefandi: Sjávarútvegspjónustan ehf.

www.sjavarutvegur.is

3. tölubl.

4. árg.

desember

2004

Staða fiskeldis á Íslandi

Eftir Valdimar Ingi Gunnarsson og Guðberg Rúnarsson

Stutt sögulegt yfirlit

Á fyrstu áratugum fiskeldis á Íslandi voru byggðar klakstöðvar til að klekja út hrognum og framleiða smáseiði til sleppinga í ár og vötn. Laxaklaci var fyrst komið upp á hér á landi veturinn 1884 til 1885 og silungaklaci á sama tíma. Í Kelduhverfi í Öxarfirði hófst matfiskeldi árið 1942 með fóðrun á urriða og stóð það til ársins 1945. Matfiskeldi á regbogasilungi var hafið árið 1951 að Laxalóni í Reykjavík. Á árinu 1952 hóf Rafmagnsveita Reykjavíkur sumareldi með laxaseiði til sleppinga í eldisstöð við Elliðaár. Framleiðsla laxaseiða í allt að göngustærð hófst hjá Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði árið 1961 og fyrstu gönguseiðunum var sleppt til sjávar árið 1963.


Um miðjan níunda áratuginn óx áhugi fyrir laxeldi og fór framleiðslan úr um 150 tonnum árið 1985 upp í um 3.000 tonn á árinu 1990. Rekstur eldistöðvanna gekk almennt illa og var stöðnun í greininni allan tíunda áratug síðustu aldar. Flest árin var heildarframleiðslan á bilinu 3.000 - 4.000 tonn. Sú grein fiskeldis sem var í mestum vexti á þessum árum var eldi á bleikju og fór framleiðslan úr um 70 tonnum árið 1990 upp í um 900 tonn á árinu 1999. Frá árinu 2000 hefur eldi sjávardýra verið vaxandi og var framleiðslan komin upp í um 600 tonn árið 2003 en heildarframleiðsla var það ár

rúm 6.000 tonn sem er mesta framleiðsla í íslensku fiskeldi.

Laxeldi

Á síðustu árum hefur laxeldi aukist nokkuð. Umhverfisstofnun og veiðimálastjóri hafa gefið út heimild til að framleiða allt að 23.000 tonn af laxi, aðallega á Austfjörðum. Matfiskeldi á laxi byggist á sjókvíaeldi og er eldisrými stöðvanna nú um 500.000 m³ sem er töluvert meira en þegar mest umfang var í laxeldi seinnihluta níunda áratugarins. Fjórar stöðvar eru með laxeldi í sjókvíum; Sæsifur hf. í Mjóafirði, Salar Islandica hf. í Berufirði, Rifós hf. í Lóni í Kelduhverfi og Austlax hf. á Seyðisfirði. Sæsifur er með umfangsmesta matfiskeldi hér á landi. Við uppbyggingu þess, hefur verið byggt á þeirri tækni sem best þekkist erlendis. Notaðar eru kvíar sem eru allt að 18.000 m³ að stærð og fóðrinu dælt um rörakerfi í allar kvíarnar frá sérstökum fóðurprömmum. Fóðruninni er stjórnað með tölvu-kerfi og vöktuð með neðansjávarmyndavélum. Við flutning á fiski til og frá stöðinni er notaður fullkominn flutningabátur með dælubúnað til að dæla lifandi fiski við flutning í og úr skipinu. Í Neskaupstað hefur verið byggð fullkomin aðstaða til slátra og pakka laxi. Stofnfiskur hf. er leiðandi fyrirtæki í rannsóknum og kynbótum á eldisfiski á heimsvísu. Fyrirtækið stundar kynbætur m.a. á eldislaxi og eru helstu starfsstöðvar þess á Kalmarstjörn, Höfnum á Reykjanesi og í Kollafirði.

Sjávarútvegurinn – Vefrit um sjávarútvegsfél



Framleiðsla í íslensku fiskeldi á árunum 1985 til 2003 (Heimild: Veiðimálfstofnun, veiðimálastjóri og Landssamband fiskeldisstöðva).



Staðsetning helstu fiskeldisstöðva á Ísland árið 2004. Á myndinni eru sýndar 28 stöðvar af rúmlega 80 fiskeldisstöðvum sem nú eru starfræktar á landinu.

Bleikjueldi

Matfiskeldi með bleikju er stundað á 15 stöðum að minnsta kosti. Flestar þessara stöðva eru litlar en stærstu stöðvarnar eru Silungur hf., Íslandslax hf., Hólalax hf. og Fiskeldið Haukamýrargili. Silungur hf. á Vatsleysuströnd er stærsti bleikjuframleiðandi í heiminum. Framleidd voru um 1700 tonn á árinu 2003 og er Silungur með um 50 % af ársframleiðslunni hér á landi.

Bleikja þolir ekki fullt seltustig sjávar í langan tíma og er hún því alinn í fersku og ísöltu vatni í strand- og landeldisstöðvum. Flestar minni stöðvarnar eru með landeldi, oft með sjálfrennandi ferskvatni eins og t.d. Hólalax og Fiskeldið Haukamýrargili. Strandeldisstöðvarnar eins og Silungur hf. og Íslandslax hf. ala bleikjuna í ísöltu vatni sem dælt er úr borholu upp í eldiskörin. Rannsóknir og kynbætur á bleikju er stundaðar af Hólaskóla og Stofnfiski hf.

Þorskeldi

Þorskeldi í sjókvíum er nú stundað á 18 stöðum í kringum landið. Mest umfang er hjá Brim-fiskeldi ehf., Hraðfrystihúsinu Gunnvöru hf., Þóroddi hf., Guðmundi Runólfssyni hf., Síldarvinnslunni hf. og Eskju hf. Á árinu 2003 voru framleidd tæp 400 tonn af þorski og gera má ráð fyrir mikilli aukningu á næstu árum. Heildar eldisrými stöðvanna er nú um 100.000 rúmmetrar. Undirbúningur að kynbótum í þorskeldi er hófst með stofnun Icecod ehf. Megin markmið félagsins er að byggja upp kynbótaverkefni fyrir þorskeldi og bæta gæði þorskseidda til eldis. Þorskseiddaframleiðsla er stunduð hjá Icecod ehf. og Háafelli ehf. sem einnig fangar villt smáseiði seinnihluta sumars og elur þau í strandeldisstöð fram á næsta vor þar til þau fara í sjókvíar.

Lúðueldi

Fiskey ehf. er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu á lúðuseiðum í heiminum og framleiddi fyrirtækið 720 þúsund seiði á árinu 2003. Fiskey er með klakstöð á Dalvík, seiðaelði á Hjalteyri og matfiskeldi í Þorlákshöfn. Matfiskeldi á lúðu er einnig stundað hjá Silfurstjörnunni í Öxarfirði. Á árinu 2002 voru framleidd um 120 tonn af lúðu og 95 tonn 2003. Stofnfiskur hf. og Fiskey ehf. hafa nýlega hafið samstarf um rannsóknir og kynbætur á lúðu.

Aðrar tegundir

Áhugi fyrir eldi á regnbogasilungi hefur minnkað mikið á síðustu árum. Framleiðslan hefur verið mjög breytileg milli ára, allt frá nokkrum tugum tonna upp í um 500 tonn. Í matfiskeldi hefur regnbogasilungur verið alinn í sjókvíum, tjörnum og strandeldiskerum.

Sandhverfuseiði eru aðallega framleidd hjá Tilraunaeldisstöð Hafrannsóknastofnunarinnar á Stað við Grindavík. Matfiskeldi á sandhverfu er í strandeldisstöðvunum hjá Sæbýli hf. í Vogum og Silfurstjörnunni hf. í Öxarfirði. Á árinu 2003 voru framleidd um 30 tonn af sandhverfu. Brimfiskeldi ehf. er nú með áframeldi á ýsu í Eyjafirði og voru framleidd um 65 tonn árið 2003.

Sæeyru eru framleidd hjá Sæbýli hf. Vogum og Haliotis á Íslandi ehf. á Hauganesi. Framleiðslan náði hámarki, um 25 tonn, á árunum 2001 og 2002.

Kræklingarækt er stunduð á 11 stöðum við landið. Kræklingarækt er umfangsmest hjá Norðurskel ehf. sem hefur aðstöðu til ræktunar í Eyjafirði. Á árinu 2003 voru framleidd nokkur tonn af kræklingi.

Tilraunareldi á hlýra er stundað af Hlýra ehf. á Neskaupstað. Orkuveita Reykjavíkur hefur hafið tilraunareldi á risarækju í Ölfusi og Veiðimálastofnun er í samstarfi við einstaklinga um tilraunir í álaeldi.

Framtíðaráform

Gera má ráð fyrir töluverðri aukningu í fiskeldi á Íslandi á næstu árum og leiða stóru sjávarútvegsfyrirtækin þessa þróun. Til viðbótar þeim sjávarútvegsfyrirtækjum sem þegar hafa verið nefnd eru Samherji hf. og HB Grandi hf. eigendur eða eru eignaraðilar í mörgum fiskeldisfyrirtækjum. Miðað við framleiðsluáform í dag má gera ráð fyrir um 15.000 tonna framleiðslu á árinu 2006. Eins og undanfarin ár verður mest framleitt af eldislaxi og bleikju. Gert er ráð fyrir verulegri aukningu í þorskeldi og ef vel tekst til verða allt að 2.500 tonn framleidd á árinu 2006. Minni framleiðsla mun vera af öðrum eldistegundum.

Grein þessi birtist áður í Morgunblaðinu 21. október 2005, í Verinu.